40

Sýning

— Ja, upphaflega var þessi sýning ekki mín hugmynd, heldur vina minna. En fyrir mitt leyti get ég sagt, að ég álít það mikilvægt fyrir mig að fá þarna gott tækifæri til yfirlits verka minna, sjá hvað ég hef látið frá mér fara um ævina og hver þróunin hefur orðið.

— Nei. Ég er ekki ánægður með þessi verk, ekki eitt þeirra. Hvernig má það líka vera? Þau eru að vísu mjög misjafnlega vond....

— Ég hef nú ekki haft tíma til að líta yfir þetta ennþá, en ég er að vona, að þetta yfirlit geti eitthvað hjálpað til þess, að ég fari að mála skár. Það eru vond verk, sem ég hef látið frá mér fara til þessa.

Bóhemisti sem ætlaði í stúdentspróf

Sverrir Haraldsson er fæddur 18. marz árið 1930 í Vestmannaeyjum, foreldrar Haraldur Bjarnason og Anna Kristjánsdóttir. Sextán ára gamall fluttist hann til Reykjavíkur, og hóf nám í Handíða- og myndlistarskólanum. Þar stundaði hann nám næstu þrjú árin, 1946-1949.

Heima í Vestmannaeyjum hafði Sverrir byrjað að mála 12 ára gamall. Það er gaman að skoða þessi byrjandaverk Sverris, blýant-, olíu- og vatnslitamyndir (eins og **Úr Eyjum**, **Herjólfsdalur**, **Heimaklettur**, o.fl.) Þetta eru figúratífar myndir, eins og hann málar í dag. Enda sagði Sverrir í blaðaviðtali fyrir nokkrum árum: „Allir mála fyrst figúratívt, a.m.k. fram yfir fermingaraldur. Það kemur af sjálfu sér, krakkar reyna að gera sem nákvæmastar eftirmyndir. Þegar þeim finnast þau ekki geta gert nógu vel, leiðist þeim og þau hætta. Ég teiknaði líka eins og aðrir krakkar, en ég hætti aldrei". Svo var nú það.

Sverrir tók fyrst þátt í samsýningu meðan hann var enn við nám í H- og M. Það var árið 1948 hjá Félagi ísl. myndlistarmanna, en síðan hefur hann verið þátttakandi í flestum samsýningum félagsins.

Annars sagði Sverrir okkur þá sögu, að námið í H.- og M hefði ekki farið svo ýkja vel í sig. — Það má segja, að ég hafi verið bóhemisti á þessum árum eða e.t.v. ekki ólíkur hippunum í dag. Þetta gekk einhvern veginn svo nærri mér, að ég hét því að snerta ekki á pensli, þar sem eftir væri ævinnar, segir Sverrir og brosir.

— Ég verð að nefna það, að ég stefndi um skeið að því að taka stúdentspróf. En ég hafði ekki tekið neitt landspróf. Því var það, að ég fór í gagnfræðaskóla hér í Reykjavík. En námið fór þannig með mig, að mánuði áður en ég ætlaði í landsprófið (vorið 1948), var ég kominn með magasár og þurfti að fara á spítala. Þar með var draumurinn búinn.... En það varð svo sem ekkert úr heitinu mínu, því næsta vetur fór ég aftur í H.- og M og þá til að fá réttindi sem teiknikennari.

Skammakrókurinn

Við röltum um stund með Sverri á föstudaginn í kringum málverkin hans að Kjarvalsstöðum, ærið spekingslegir, enda þýddi ekkert annað, þegar maður var kominn inn í þennan 30 ára heim hans, mjög svo fjölþættan. „Að vísu eru þau misjafnlega vond", sagði Sverrir. Eina uppstillinguna í Kjarvalssalnum kallar hann „skammakrókinn" í gamni og alvöru. Þetta eru nokkrar geómetrískar abstraksjónir, sem Sverrir málaði á árunum 1949 til 1952, eða svo (þess má geta, að á þessum árum kenndi Sverrir við H.- og M og einnig seinna, 1953-56).

— Æ, já, ég skammast mín einna mest fyrir þessar myndir, held ég, segir Sverrir, þegar við stöldrum þarna við. — Mér liggur við að líkja þessu núna við að setja saman púsluspil. Þessar geometríur eru allt of auðveld list...

— Sjáðu þessa mynd hérna, það hefði alveg eins mátt hafa þessi fleti ljósa.... Þessi rauði flötur hérna neðst getur alveg eins verið hinum megin.

— Er það ekki rétt, Sverrir, að þú hafir aldrei ánetjast þeim listastefnum verulega, sem uppi hafa verið á þínum listferli?

— Ég veit ekki, hvað segja skal, — nei, ætli megi ekki segja það. Ég hef alla vega reynt að halda mínum persónulegum sérkennum þrátt fyrir allt. Það má þó segja, að abstraksjónin hafi verið í verkum mínum meira og minna fram að 1960.

— Annars eru þessar liststefnur að mörgu leyti hættulegar. Það er ekki hægt að eltast við þær, — ef maður ætti að fylgjast náið með þeim, yrði manni ekkert úr verki. Ég hef ekkert fylgzt með stefnum undanfarin ár. Ég hef ekki gefið mér tíma til þess. Ég er á þessari ákveðnu línu núna og...

Sólarlag eftir Berlín

Fyrstu sjálfstæðu sýningu sína hélt Sverrir árið 1952, í Listamannaskálanum í Reykjavík. Annars verða þær sýningar, sem hann hefur tekið þátt í, m.a. í Róm, París, og Kaupmannahöfn, ekki taldar upp hér.

1952-1953 var hann um 8 mánaða skeið við nám í París. Og enn málar hann geometrískar abstraksjónir.

Síðari hluta sextugasta áratugsins málaði Sverrir fremur lítið. Það kom m.a. til af því, að hann var við ýmislegt annað, svo sem að gera myndir í bækur. „Maður varð einhvern veginn að vinna fyrir sér", segir Sverrir.

Árið 1957-1960 dvaldi Sverrir við nám í V-Berlín. Frá því tímabili sjáum við nokkrar sérstæðar abstraksjónir í Kjarvalssal, svo sem **Plakatlitir** nr. 112.

— Ég var troðfullur af hugmyndum, þegar ég kom heim frá Berlín, segir Sverrir. — Ég varð einhvern veginn að létta á mér. Og að koma úr stórborginni í sólarlagið og sjóndeildarhringinn hér heima, það var yfirþyrmandi. Það varð mér til happs, vil ég segja, að ég greip til að mála með málarasprautu. Með henni gat ég unnið fljótt og losað á mér. Ég notaði það verkslag allt fram til 1963. Hálfgerðar abstraksjónir fyrst í stað, en fór æ lengra út í natúralismann, figúrativt landslag, unz ég fór að nota olíu aftur.

Þar með erum við komin fram til þess listskeiðs, sem Sverrir er enn á, þ.e. olíu-landslagsmyndanna, sem fylla allan vestursal Kjarvalsstaða. Þetta eru verk 7-8 síðustu ára. Auk þess eru í þessum sal nokkrar teikningar, þ.á.m. skissur af mótífum, sem hann seinna hefur málað mörg (mismunandi) verk út frá, svo sem **Úr Sogamýri** (úr glugga þar sem hann bjó, áður en hann fluttist að Hulduhólum í Mosfellssveit 1970).

Lamaður á Þingvöllum

Þetta grunna yfirlitsspjall verður ekki öllu lengra hér. Greint hefur verið frá því helzta í listferli Sverris Haraldssonar. Ég vil aðeins segja, — „kom heldur og sjá!"

Eins og sjá má, þegar 1966-1973 verk Sverris á Kjarvalsstöðum eru skoðuð, hefur listamaðurinn ekki leitað langt eftir mótífum fyrir myndir sínar. Þær eru flestar héðan úr grenndinni, úr Mosfellssveit, Sogamýrinni og þaðan, sem Breiðholtshverfið er nú.

— Ég hef ákaflega lítið ferðast um landið. Ég legg mest upp úr úrvinnslunni, minna mótífinu sjálfu.

— Það var fyrst í sumar, að ég leit á Þingvelli mótíf-augum. Ég varð bókstaflega lamaður....

Við spyrjum Sverri að lokum, hvort hann hyggist halda áfram að mála figúratíft landslag. — Get ekki sagt um það núna, segir Sverrir. — Ég ætla að bíða og sjá, hvað ég fæ út úr þessari sýningu.

— Stp.

Jarðýta

Til sölu Caterpiller D.6.B. beinskipt með 16 tonna spili og 8 m gálga.
Í topp standi.


BÍLASALAN
ÁÐSTOÐ
SÍMAR 19615 18085
BORGARTÚNI 1

Öryggi framar öllu
SAAB er á undan

Halogenljós og ljósaþurrkur, rafmagnshitað bílstjórasæti,
fjaðrandi höggvari og stálbitastyrkt yfirbygging eru ekki lengur nýjungar hjá SAAB,
heldur þrautreynd öryggisatriði, sem æ fleiri bílaframleiðendur taka nú eftir.

En SAAB er áfram á undan:

Í ár eru nýjungarnar t.d. framsæti með áföstum hnakkapúðum, sérhönnuð fyrir akstursöryggi og vellíðan.
Stýri með öryggispúða. Sterkari höggvari. Endubætt loftræsti- og hitakerfi, sér hitablástur á afturrúðu.
SAAB fæst nú með hinni nýju viðurkenndu 2 lítra sænsksmíðuðu SAAB-vél.
SAAB 1974 fæst í 7 litum, þar af 2 nýjum tízkulitum. Nýtt grill á SAAB 95 og SAAB 96.





SAAB 99L
2 lítra vél, 95 ha DIN (70 kW)
4 gíra venjul. skipting,
eða 3 gíra sjálfskiptur.
2 eða 4 dyra. 5 manna.



SAAB 99x7
1.85 lítra vél, 88 ha DIN (65 kW)
4 gíra venjuleg skipting,
2 dyra. 5 manna.
Á hagkvæmu verði.



SAAB 96
5 manna, 2 dyra.
V4 vél, 73 ha DIN.
4 gíra venjul. skipting.



SAAB 95
7 manna, 3 dyra. Stadion.
V4 vél 73 ha DIN.
4 gíra venjul. skipting.

SAAB
„ÖRYGGI FRAMAR ÖLLU"

Sveinn BJÖRNSSON & CO.
SKEIFAN 11 SÍMI 81530